



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 27.02.2020
2002369 GþG

Efni: Drangsskarð 10. Stækkun lóðar, umsögn.

Þann 19. febrúar sl. leggur Pétur Ólafsson lóðarhafi við Drangsskarð 10 inn umsókn til skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir lóðarstækkun.

Með umsókninni fylgja teikningar er gera grein fyrir stækkuninni.

Sú stækkun sem óskað er eftir fellur ágætlega að aðliggjandi lóðum og er í samræmi við aðrar lóðamarkarlínur. Með stækkuninni verður hverfisverndaður jökulruðningur hluti af lóðinni við Drangsskarð 10. Í vernduninni felst að allt rask er óheimilt.

Mælt er með lóðarstækkuninni enda fellur hún ágætlega að aðliggjandi lóðum og lóðarhafa gert ljóst að hluti lóðarinnar fellur undir hverfisvernd við stækkunina.

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt